

*Sent í tölvupósti*

Reykjavík, 15. desember 2023

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
v.t. Bjarni Jónsson, formaður

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 535. mál, 154. löggjafarþing.**

Bændasamtök Íslands styðja framtíðarsýn og meginmarkmið þingsályktunartillögu þessarar. Vilja samtökin með umsögn þessari sérstaklega vekja athygli á mikilvægi þess að þau atriði er varða landbúnað með einum eða öðrum hætti verði sett í forgang, meðal annars með því að aðgerðaáætlunin sem sett er fram raungerist.

Samtökin telja óhætt að fullyrða að mikið verk sé enn óunnið til að svo megi verða. Enn er nokkuð langt í land að tekist hafi að kortleggja gróið land á Íslandi, þrátt fyrir áralanga vinnu sem að stórum hluta hefur verið greidd af bændum og alla þá tækni sem aðgengileg er í nútímanum. Þannig liggja ekki fyrir áreiðanlegar tölur um einfaldar staðreyndir, til að mynda flatarmál góðs ræktunarlands, jarðvegsgærd þess og ástand þess t.d. lengd skurða, flatarmál framræsts lands og vatnsstöðu þess, auk heildaryfirlits yfir gróðurfar beitarlanda. Þá hamlar uppbyggingu í landbúnaði að erfitt hefur reynst að fá leyfi vegna skipulagsmála, sem að einhverju leiti verður rakið til þess að ekki er nægilega skýrt hvernig heimilt er að nýta landbúnaðarland. Einnig hefur borið of mikið á því undanfarin misseri að deilur komi upp í dreifbýlinu þar sem ágreiningur er um nýtingu lands sem fram að þessu hefur verið í tilgreindri landbúnaðarnotkun, en auðveldlega má koma í veg fyrir slík mál með því að sveitarfélög ráðist í flokkun landbúnaðarlands og skýri betur nýtingarmöguleika þess.

Vilja samtökin jafnframt leggja áherslu á að þegar í stað verði gripið til aðgerða á grundvelli þjóðaröryggis til að tryggja ræktunarland og annað landbúnaðarland til landbúnaðarnota, í samræmi við bæði þjóðaröryggisstefnu og landbúnaðarstefnu til ársins 2040. Þó gott ræktunarland sé umtalsvert á Íslandi þá getur reynst erfitt eða jafnvel ómögulegt að endurheimta það til ræktunar sé landið tekið til annarra nota. Sé tekið mið af mannfjöldaspá fyrir Ísland, og í raun fyrir heiminn allan, þá má ljóst vera að innlend matvæla- og fôðurframleiðsla verður enn mikilvægari til framtíðar til að tryggja fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar.

Að lokum vilja samtökin leggja til að inn í aðgerðaáætlun 2024-2028 bætist sú aðgerð að eigendastefna ríkisins um ríkisjarðir verði uppfærð, með það að markmiði að landbúnaðarnot slíkra jarða séu í forgangi auk þess sem skoðaðir verði möguleikar ríkisins til jákvæðra hvata þannig að slíku markmiði sé náð.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur